

Könnun á legu vatnaskila við jökulbotn milli Skaftár og Hverfisfljóts á Tungnaárjökli sunnan Skaftárkatla. Finnur Pálsson, Eyjólfur Magnússon og Hrafnhildur Hannesdóttir, Háskóli Íslands - jarðvísindastofnun - apríl 2019.

Markmið þessa verkefnis var að endurmeta legu og kanna stöðugleika vatnaskila Skaftár og Hverfisfljóts ofarlega á Tungnaárjökli sunnan Skaftárkatla. Ýmsar breytingar sem þarna hafa orðið hafa áhrif á legu vatnaskilanna. Lögum botnsins undir jöklinum á þessu svæði voru mæld kerfisbundið með íssjarmælingum vorin 2017 og 2018. Út frá niðurstöðum mælinganna hefur verið reiknað stafrænt botnkort. Jafnframt hefur yfirborð jökulsins verið kortlagt út frá ýmsum mælingum og er gerð spá um þróun þess næstu árin (til 2030), út frá þróun undanfarinna ára og miðað við tvær tilgátur um lögum þess eftir framhlaup.

Niðurstöður verkefnisins eru að vatnaskil milli Skaftár og Hverfisfljóts breytast miðað við breytta lögum yfirborðs. Það sem þó skiptir megin máli, er að samkvæmt þessu mati eru engar líkur til að verulegt vatn fari til Hverfisfljóts í Skaftárhlaupum.

Spáð er fyrir um horfur um vatnaskil til lengri framtíðar og þá kemur fram að ef jökullinn hverfur alveg, sem vel getur gerst eftir nokkra áratugi haldi fram sem horfir með þróun loftslags, mun allt vatn Skaftár og hluti Tungnaár leita í farveg Hverfisfljóts.